

Fundargerð 37. fundar

skipulagsmálanefndar sambandsins

Árið 2019, þriðjudaginn 26. nóvember kl. 12:00 kom Skipulagsmálanefnd sambandsins saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Bárður Guðmundsson, Dagbjört Jónsdóttir, Gauti Jóhannesson, Hrafnkell Á. Proppé og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir.

Að auki sátu fundinn Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir lögfræðingur, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu - 1803004SA

Lögð fram sem trúnaðarmál drög að lokaskýrslu nefndar um stofnun miðhálandisþjóðgarðs. Dagbjört Jónsdóttir og Valtýr Valtýsson, fulltrúar sambandsins í nefnd sem falið er að vinna að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, gerðu grein fyrir skýrslunni og stöðu vinnunnar.

Skipulagsmálanefnd þakkar Dagbjörtu og Valtýr fyrir vel unnin störf í nefnd um þetta mikilvæga mál og gott samráð við sitt bakland. Þau munu við lokafrágang skýrslunnar hafa hliðsjón af umræðum á þessum fundi.

2. Starfshópur til að vinna að heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum - 1810026SA

Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir og Pétur Reimarsson, fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins í starfshópi um heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum, kynntu stöðu vinnunnar og helstu álitæfni sem snúa að sveitarfélögum, einkum varðandi möguleika á að samþætti umhverfismat og leyfisveitingar.

Einnig var lögð fram til kynningar sameiginleg umsögn sambandsins og SA um drög að breytingu á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi, dags. 15. nóvember 2019.

Skipulagsmálanefnd sambandsins tekur undir áherslur, sem fram komu við kynningu á málinu, um nauðsyn þess að einfalda fyrirkomulag málsmeðferðar um mat á umhverfisáhrifum. Nefndin telur vel koma til álita að sveitarfélög verði skilgreind sem hið lögbæra stjórnvald sem leiði umhverfismatsferlið, þegar við á, líkt og gert er í öðrum löndum sem Ísland ber sig saman við.

3. Samráðsvettvangur sveitarfélaga um loftslagsmál, Heimsmarkmið SP og umhverfismál almennt - 1905036SA

Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri í umhverfis- og úrgangsmálum greindi frá viðburðum á vegum Samráðsvettvangs sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið, sem stofnaður var 19. júní sl. Í dag hafa 45 sveitarfélög lýst yfir þátttöku í samstarfinu og skipað tengiliði við verkefnið. Lögð verður áhersla á að safna þátttökusveitarfélögum til áramóta. Haldnir hafa verið tveir tengiliðafundir. Þátttaka á fundunum var góð og hefur m.a. verið lögð áhersla á nýta tæknimöguleika til að virkja þátttakendur á fjarfundi. Einnig hafa verið haldnir fundir í vinnuhópum um loftslagsmál og heimsmarkmið.

Fyrri tengiliðafundurinn var haldinn 13. september sl. þar sem sjónum var beint að starfi sveitarfélaga að heimsmarkmiðunum. Síðari tengiliðafundurinn var haldinn 22. nóvember sl. og var meginefni þess fundar loftslagsmál með áherslu á framlag sveitarfélaga til að draga úr losun gróðurhúslofttegunda og aðlaga samfélagið að þeim breytingum sem hafa orðið og munu verða vegna loftslagsbreytinga. Við endurskoðun laga um loftslagsmál nr. 70/2012 fyrr á þessu ári var gerð sú breyting að sveitarfélögum er skylt að vinna loftslagstefnu fyrir rekstur sveitarfélagsins fyrir lok árs 2021. Umhverfisstofnun var falið það hlutverk að styðja sveitarfélögin við þá vinnu. Aðkoma Umhverfisstofnunnar var eitt af því sem rætt var um á tengiliðafundinum, einnig gerð kolefnisbókhalds fyrir sveitarfélögin og mikilvægi þess að sveitarfélögin miðli þekkingu og reynslu sín á milli.

Skipulagsmálanefnd lýsir ánægju með þá vinnu sem fer fram innan samráðsvettvangsins. Nefndin leggur jafnframt áherslu á að kolefnisbókhald verði aðgengilegt og samræmt fyrir öll sveitarfélög.

4. Yfirfærsla þjóðvega til sveitarfélaga og niðurfelling veगा af vegaskrá - 1712014SA

Gestur nefndarinnar undir þessum lið var Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og gerði hann grein fyrir bréfum sem SSH sendi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti 5. og 22. nóvember sl., um gerð samninga um yfirfærslu þjóðvega á höfuðborgarsvæðinu til sveitarfélaga. Í bréfunum er lagt til að frestur til að ganga frá þessum samningum verði framlengdur til ársloka 2020.

Til frekari upplýsinga er lagður fyrir nefndina tölvupóstur sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins til framkvæmdastjóra SSH, ásamt fylgigögnum um samskipti við Vegagerðina um yfirfærslu þjóðvega í þéttbýli. Um er að ræða allanga sögu sem nær aftur til setningar vegalaga nr. 80/2007 og útgáfu vegaskrár á grundvelli þeirra laga.

Skipulagsmálanefnd telur útilokað að niðurstaða náist um yfirfærslu þjóðvega fyrir lok þessa árs. Nefndin leggur því til að breyting verði gerð á bráðabirgðaákvæði við vegalög eins og lagt er til í bréfi SSH. Sem fyrst verði jafnframt fundin ásættanleg niðurstaða milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaga, á grundvelli vandaðrar ástands- og kostnaðargreiningar viðkomandi samgöngumannvirkja.

5. Nefnd um endurskoðun laga um fjöleignarhús nr. 26/1994, með síðari breytingum - 1811054SA

Vigdís Häsler, fulltrúi í starfshópi um endurskoðun laga um fjöleignarhús, gerði

grein fyrir helstu áherslum í vinnu starfshópsins. Starfshópnum er einkum falið að gera tillögur um lagabreytingar er varða gististarfsemi og orkuskipti í samgöngum.

Skipulagsmálanefnd gerir ekki athugasemd við þær áherslur sem lagðar hafa verið í vinnu starfshópsins. Sérstakt fagnaðarefni er að settar verði skýrar lagareglur til að greiða götu orkuskipta í samgöngum.

6. Húsnæðisþing 27. nóvember 2019 á Hilton Nordica hóteli - 1907025SA

Lögð fram til kynningar dagskrá húsnæðisþings sem haldið verður í Reykjavík 27. nóvember.

7. Landsskipulagsstefna 2015-2026 - 1607016SA

Lögð fram til kynningar dagskrá samráðsfundar um notkun landbúnaðarlands, sem haldinn verður 28. nóvember. Einnig er minnt á að glærur frá kynningarfundum um vindorkunýtingu í tengslum við landsskipulag, sem haldinn var 1. nóvember sl., eru aðgengilegar á heimasíðu Skipulagsstofnunar.

Fundi var slitið kl. 14:30

Bárður Guðmundsson

Dagbjört Jónsdóttir

Gauti Jóhannesson

Hrafnkell Á. Proppé

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir